

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Frakkastígsreitur, reitur 1.172.1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 16. október 2013 breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits sem afmarkast af Frakkastíg, Laugavegi og Hverfisgötu. Í breytingunni felst tilfærsla á byggingarlínunum, hækkun húsa og göngukvöð felld niður.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 4. nóvember 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2013